

Lindarfiskur ehf.
Sigtúni 6
870 Vík

Reykjavík, 16.4.2024
UST202302-133/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíka í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 20. nóvember 2023, þar sem fram kom að tvö frávík hefðu verið skráð í eftirliti í fiskeldisstöð Lindarfisks ehf., Botnum í Meðallandi þann 19. október 2023. Þann 10. apríl 2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun á fosfór árið 2022 var um 10 kg/framleitt tonn en má ekki vera yfir 9,0 kg/framleitt tonn. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila var farið yfir fosfórslosun að nýju og í ljós kom að útreikningar voru rangir og losun lægri en fyrri útreikningar sýndu. Þó hafi losunin enn verið aðeins of há. Rekstraraðili hyggst taka fódurnotkun til skoðunar og leitast við að stýra henni betur.**
2. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Efni voru geymd í efnaskáp án viðeigandi lekavarna. **Skv. rekstraraðila hefur verið tekin ákvörðun um að panta minna formalín í einu og að það verði að mestu leyti notað strax. Möguleiki væri að geyma tvo brúsa sem myndu passa fyrir þær lekabyttur sem til staðar eru.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur